REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Skipum, er veiðar stunda með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan og norðan af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

   a) 66°34′7 N, 22°00′0 V
   b) 66°37′3 N, 21°21′5 V
   c) 66°58′6 N, 20°54′0 V
   d) 66°59′0 N, 20°40′0 V
   að austan markast svæðið af 20°40′0 V.

2. Fyrir Norðausturlandi allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 360° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílur utan við viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 360° frá Langanesi og að austan af línu, sem dregin er 81° réttvísandi frá Langanesi. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 30 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

   Á tímabilinu frá og með 15. september til og með 31. janúar ár hvert eru ennfremur bannaðar veiðar með botn- og flotvörpu á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 360° frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

3. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

   a) 65°25′0 N, 27°00′0 V
   b) 65°26′0 N, 26°54′0 V
   c) 65°08′0 N, 26°48′0 V
   d) 64°39′0 N, 26°54′0 V
   e) 64°39′0 N, 27°02′0 V
   f) 65°03′0 N, 27°09′0 V.

2. gr.

Á eftirgreindum svæðum og tíma eru skipum bannaðar allar veiðar:

1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

   a) 63°32′0 N, 22°00′0 V
   b) 63°32′0 N, 21°10′0 V
   c) 63°00′0 N, 21°10′0 V
   d) 63°00′0 N, 22°00′0 V.

2. Norður af Kögri allt árið á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a) 67°17'0 N, 23°51'0 V
b) 67°20'0 N, 22°32'5 V
c) 67°01'0 N, 22°12'3 V
d) 66°57'0 N, 23°21'0 V.

Á þessum svæðum skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar, þegar slíkar veiðar eru leyfðar og ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða norður af Kögri.

3. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða viðurlög refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 8. maí 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 174 11. mars 1980, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt breytingu á henni nr. 487/1981.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1982.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.